

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 308/2021****2024/EES/19/31****frá 29. október 2021****um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn (Öryggi og  
hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu <sup>(1)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, var ógilt frá 21. desember 2012 með dómi Dómstóls Evrópusambandsins frá 11. mars 2011 í máli C-236/09 <sup>(2)</sup> og því ber einnig að ógilda 2. mgr. 5. gr. samkvæmt EES-samningnum.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21c (tilskipun ráðsins 2004/113/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„**32004 L 0113**: Tilskipun ráðsins 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu (Stjtið. ESB L 373, 21.12.2004, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 5. og 17. gr. orðast vísanir til „21. desember 2007“ sem „30. júní 2010“.
- b) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. gilda ekki.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*3. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Rolf Einar Fife**

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 373, 21.12.2004, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 130, 30.4.2011, bls. 4.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.